

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/759**2019/EES/90/03**

frá 13. maí 2019

um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar lýðheilsukrafna við innflutning á matvælum sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um umtalsverðar breytingar á reglum og verklagi varðandi lýðheilsu (matvælaöryggi) sem stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa að fylgja. Þar er einkum mælt fyrir um tiltekin skilyrði fyrir innflutningi til Sambandsins á matvælum sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir).
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/185 ⁽²⁾ er kveðið á um umbreytingarráðstafanir vegna undanþágu frá þessum reglum fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir), aðrar en þær sem um getur í 1. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 ⁽³⁾, sem enn hefur ekki verið mælt fyrir um lýðheilsuskilyrði fyrir á vettvangi Sambandsins vegna innflutnings til Sambandsins. Þessi undanþága gildir til 31. desember 2020.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (lög um dýraheilbrigði) ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn. Hún gildir um afurðir úr dýraríkinu og þar af leiðandi um samsettar afurðir eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ⁽⁵⁾. Þegar reglugerðin hefur tekið gildi verða settar fram kröfur í henni varðandi innflutning til Sambandsins á dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu frá þriðju löndum og yfirráðasvæðum. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.
- 4) Til að tryggja skýrleika og samræmi laga og til að gera rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum umbreytinguna yfir í nýju reglurnar auðveldari er nauðsynlegt að hafa eina dagsetningu fyrir beitingu nýju skilyrðanna fyrir innflutningi á samsettum afurðum sem falla undir 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Því ætti að framlengja þessar umbreytingarráðstafanir til 20. apríl 2021.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*l. gr.***Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinna ákvæða í reglugerð (EB) nr. 853/2004 á umbreytingartímabili sem stendur frá 1. janúar 2021 til 20. apríl 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 125, 14.5.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/185 frá 2. febrúar 2017 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinna ákvæða reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjttíð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 21).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 frá 11. janúar 2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009 (Stjttíð. ESB L 12, 14.1.2012, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjttíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðun-arstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjttíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „samsett afurð“ samsetta afurð eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. ákvörðunar 2007/275/EB.

3. gr.

Undanþága varðandi lýðheilsukröfur vegna innflutnings á matvælum sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu

Þrátt fyrir 6. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu, aðrar en þær sem um getur í 3. gr. (1. og 3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 28/2012, vera undanþegnir þeim kröfum sem um getur í 6. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

Innflutningur á slíkum afurðum skal uppfylla lýðheilsukröfur innflutningsaðildarríkisins vegna innflutnings.

4. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2021 til og með 20. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
